



DALVÍKURBYGGÐ

## Gjafir til starfsfólks Dalvíkurbyggðar

### Jólagjafir

Við gerð fjárhagsáætlana hverju sinni skulu forstöðumenn gera ráð fyrir jólagjöf (gjafakort) fyrir hvern starfsmann sem er á launaskrá í nóvember á líðandi ári, samkvæmt ákvörðun byggðarráðs.

*Forstöðumenn hafa í undantekningar tilvikum heimild til að gefa starfsmönnum sem unnið hafa fyrir stofnunina á fjárhagsárinu en eru ekki í starfi í nóvember jólagjöf.*

### Afmælisgjafir

Við tugaafmæli starfsmanna (20 ára, 30 ára, 40 ára, 50 ára, 60 ára og 70 ára) skal Dalvíkurbyggð gefa viðkomandi starfsmanni afmælisgjöf. Byggðarráð skal við gerð fjárhagsáætlana og við forsendugerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákveða fjárhæð vegna afmælisgjafa á hvern starfsmann sem á tugaafmæli. (Árið 2020 var gert ráð fyrir 10.000 kr.)

Forstöðumenn og sviðstjórar skulu því gera ráð fyrir í fjárhagsáætlun fjárhæðum vegna tugaafmæla starfsmanna samkvæmt forsendum byggðarráðs. Þetta gildir einnig um kjörna fulltrúa. Ef þannig hittist á að starfsmaður er jafnframt kjörinn fulltrúi þá gilda þessar reglur ekki tvöfalt.

### Áfangagjafir

Dalvíkurbyggð sendir heillaskeyti/kveðjur ásamt blómum eftir því sem við á vegna ýmissa merkisatburða og áfanga í lífi starfsmanna, s.s. vegna brúðkaups, barneigna, námsáfanga. Næsti yfirmaður sér um að senda slíkar kveðjur eða skeyti. Áfangagjafir gilda einnig fyrir kjörna fulltrúa.

### Samúðarkveðjur.

Dalvíkurbyggð sendir samúðarkveðjur ásamt blómum eftir því sem við á vegna fráfalls aðstandenda starfsmanns. Næsti yfirmaður sér um að senda slíkar kveðjur eða skeyti. Samúðarkveðjur gilda einnig um kjörna fulltrúa.

### Starfslokagjafir

Að jafnaði þegar starfsmaður lætur af störfum hjá sveitarfélaginu skulu honum færð blóm að gjöf. Viðmiðið er starfsaldur starfsmannsins en næsti yfirmaður metur í hverju tilfelli fyrir sig hvert viðmiðið á að vera.

Þegar starfsmaður lætur af störfum hjá sveitarfélaginu til að fara á eftirlaun fær hann starfslokagjöf frá Dalvíkurbyggð. Byggðarráð skal við gerð fjárhagsáætlana og við forsendugerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákveða fjárhæð starfslokagjafa. (Hefur verið kr. 20.000 ef þú hefur unnið skemur en 20 ár hjá Dalvíkurbyggð annars kr. 30.000)

Næsti yfirmaður sér um kaup og afhendingu á starfslokagjöf.